



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

Fundargerð
Fundur haldinn miðvikudaginn 7. Júlí 2021.
Fundur hófst klukkan 20:00.

Fundi slitið klukkan 21:30.

Fundinn sátu Arnar Þór Stefánsson, Markús Pétursson, Margrét Birna Þórarinsdóttir, Árni Áskelsson og Ólafur Stefán Arnarsson.
Fundinn ritaði Arnar Þór Stefánsson

Dagskrá

1. Greiða atkvæði um fundargerðir

- a. Fundargerð ekki klár til samþykktar

2. Gangur sumarnámskeiðanna og starfsins hjá Þyt almennt

- a. Sumarnámskeið ganga vonum frammar. 7 starfsmenn sjá um námskeiðin, einn eldri starfsmaður til umsjónar auk íþróttastjóra og krakkar með reynslu af siglingum til að kenna á námskeiðinu.
- b. Kjölbátasiglingar fara vel af stað, mikið af nýjum andlitum.
- c. Mjög góð mæting á opin hús
- d. Kayak hópur hefur verið mjög virkur

3. Starfsmenn á sumarnámskeiðum og vinnuskólinn

- a. Markús er í samskiptum við aðila innan bæjarins og málin eru í vinnslu.
- b. Samþykkt að hækka laun yngri starfsmanna skv. launatöflu VR. Arnar fylgir því eftir.

4. Samningar við þjálfara

- a. Formaður og gjaldkeri semja við aðstoðarþjálfara um kaup og kjör
- b. Leit heldur áfram að yfirþjálfara

5. Sumarfagnaður hjá Þyt í ágúst

- a. Hugmyndum um að halda sumarfagnað fyrir Þyt, ef Covid leyfir, komið á framfæri.

6. Starf fyrir 8 til 10 ára

- a. Fundur hefur verið haldinn til að koma skipulaginu af stað, en ekki komist langt
- b. Fáir foreldrar með börn á þessum aldri í kringum siglingar, reyna að virkja fleiri til að taka þátt í skipulaginu.

7. Önnur mál

- a. Þyt býðst að hafa afnot af Lufu frá og með ágúst gegn því að við leggjum til stæði og rafmagn (til hitunar). Áætlaður kostnaður er um 150 þús. fyrir rafmagn.
 - i. Samþykkt að taka málið áfram og gera við þá samning.